

Lagði umboðsmaður gerðarbeiðanda svo málið undir
urskurð.

Með því að gerðarþoli, að fengnum fresti, eigi hefir
mætt eða látið mæta og eigi skilað aftur skjölum máls-
ins, ber með hliðsjón af fyrirmælum N.L. 1—4—32 og
tilskipunar 3. júní 1796, sbr. tilskipun 15. ágúst 1832, 8.
gr., að taka kröfu gerðarbeiðanda um að lögtakið nái fram
að ganga, til greina, en lögtakskostnaður ákveðst, er lög-
takið fer fram, enda og krafa þar um óákveðin og ósund-
urliðuð.

Mánudaginn 22. júní 1936.

Nr. 18/1935. **Jón Guðmundsson** (Th. B. Lindal)

gegn

Þorsteini Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Mál um skaðabætur vegna sammingsrofa.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 5. jan. 1935: Aðal-
stefndir, Jón Guðmundsson og Jón Halldórsson, greiði í
aðalsök báðir fyrir annan og annar fyrir báða aðalstefn-
anda, Þorsteini Sigurðssyni, kr. 1958.96 með 5% ársvöxt-
um frá 14. maí 1934 til greiðsludags og kr. 150.00 í máls-
kostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms
þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Gagnstefndur skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda,
Jóns Guðmundssonar, í gagnsök og falli málskostnaður í
henni niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæsta-
réttar með stefnu, útgefinni 11. febr. 1935, hefir
gert þessar kröfur:

Í aðalsök, *aðallega*, að hann verði algerlega sýkn-
aður af kröfum stefnda, en *til vara*, að hann verði

dæmdur til greiðslu bóta samkvæmt mati óvilhallra, dómkvaddra manna, enda verði bæturnar ekki hærri en kr. 1958.96. Og í gagnsök, *aðallega*, að stefndi verði, að viðlögðum dagektum, dæmdur til að skila honum 4000 króna vixli þeim, er í hinum áfrýjaða dómi getur, en *til vara*, að stefndi verði dæmdur til að skila umræddum vixli, nema hann synji fyrir það með eiði, að honum hafi verið ljóst, að afhending vixilsins fór fram sem þáttur í samkomulagi um fullnægingu samnings málsaðilja frá 8. marz 1934, en ekki til tryggingar skaðabótum vegna vanefnda á samningum, og loks til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til þess að skila margnefndum vixli gegn greiðslu á eftirstöðvum skaðabóta, eins og þær kynni að verða ákveðnar í aðalsök, eftir að andvirði lífsábyrgðarskirteinis þess, er í hinum áfrýjaða dómi segir, væri frá upphæð bótanna dregið, þannig, að bætur þær, er áfrýjandi skyldi greiða, færu ekki yfir kr. 558.96. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði fyrir hæstarétti og í héraði eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Um kröfur áfrýjanda í aðalsök athugast:

Áfrýjandi kannast að vísu við það, að hann og félagi hans hafi í fyrstu vanefnt samninginn frá 8. marz 1934, en hann heldur því fram, að vixla þá tvo, er í hinum áfrýjaða dómi segir, hafi átt að skoða sem greiðslu samkvæmt a—c-lið samningsins, og þar með hafi vanefndir þær, er þá voru orðnar, verið úr sögunni. Yfirlýsing stefnda um riftun, sem fram virðist hafa farið einhverntíma frá 20. til 27. apríl 1934, hafi því ekki getað byggzt

á vanefndum á téðum samningi. Gegn neitun stefnda verður ekki talið, að víxlar þessir hafi átt að koma í stað greiðslna þeirra, sem um var getið, heldur virðist tilætlunin hafa verið, að þeir yrðu seldir, og að andvirði þeirra gengi til stefnda sem greiðslur samkvæmt samningnum, en ella, að hann hefði þá til tryggingar þessum greiðslum. En með því að greiðslan samkvæmt a-lið samningsins brást að mestu og greiðslan samkvæmt b-lið hans að öllu, var stefnda heimilt að segja sig lausan undan fullnægingu samningsins og krefjast bóta, eins og hann hefir gert.

Um upphæð bótanna skal þess getið, að þrír húsgagnasmíðameistarar hafa eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms látið það álit uppi, að 15%—20% álagning á efni og smíði húsgagna, sem gerð og seld eru með slíkum kjörum, sem í þessu máli greinir, sé of lág. Þar sem bæturnar eru í hinum áfrýjaða dómi miðaðar við 20% álagningu, verður ekki talið, að þær séu of hátt metnar. Verður því að taka til greina kröfu stefnda um staðfestingu á ákvæði hins áfrýjaða dóms að þessu leyti.

Um kröfur áfrýjanda í gagnsök athugast, að 1500 króna víxilnum hefir þegar verið skilað útgefanda hans. Og er því nú aðeins um 400 króna víxillinn að tefla. Eins og fyrr segir, verður að gera ráð fyrir því, að víxill þessi hafi átt að vera til tryggingar efndum samningsins frá 8. marz 1934. Mátti stefndi líta svo á, að tryggingin tæki ekki aðeins til efnda á loforði um greiðslur fyrir hið selda, ef samningnum yrði fullnægt samkvæmt efni sínu, heldur einnig til bóta fyrir vanefndir á honum af hálfu áfrýjanda, enda þótt stefndi lýsti sig lausan við efndir af sinni hálfu vegna slíkra vanefnda,

nema öðru vísi væri samið. En að því eru gegn neitun stefnda engar sönnur leiddar, að víxilskuld-ararnir hafi nokkurn varnagla slegið við stefnda í þá átt.

Samkvæmt framansögðu verður hvorki aðal- né varakrafa áfrýjanda tekin til greina.

Því er ekki haldið fram, að stefnda hafi verið sett nokkur fyrirmæli um það, í hvaða röð hann skyldi ganga að tryggingum þeim, er honum voru settar, oftnefndum 4000 króna víxli og líftryggingarskirteininu, til fullnustu bótagreiðslu þeirrar, er áður getur, og hann er því sjálfráður, að hvorri hann gengur fyrr, og getur notfært sér þær báðar, unz hann hefir fengið greiðslur þær, sem honum bera samkvæmt þessum dómi. Þrautavarakrafa áfrýjanda verður því ekki heldur tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu verður að sýkna stefnda í gagnsök, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, og með því að fallast má einnig á málskostnaðarákvæði hans, verður að staðfesta hann að niðurstöðu til að öllu leyti.

Eftir málavöxtum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, greiði stefnda, Þorsteini Sigurðssyni, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum, ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að með samningi dags. 8. marz f. á. lofaði Þorsteinn Sigurðsson, húsgagnasmiður, Grettisgötu 13, hér í bæ, að selja þeim Jóni Guðmundssyni, veitingamanni og Jóni Halldórssyni, báðum til heimilis í Hafnarfirði, ýmiskonar húsgögn og búshluti samkvæmt sérstakri skrá, en munir þessir voru ætlaðir til notkunar á Akureyri á gisti- og veitingahúsi, sem kaupendurnir höfðu um þessar mundir í hyggju að reka þar í félagi í framtíðinni. Kaupverð húsgagnanna var ákveðið kr. 12294.80 en verð annara muna, sem voru ýmiskonar sængurfatnaður, gardínur og aðrar álnavörur til veitingarhússrekstursins kr. 3438.80 og nam innkaupsverðið þannig samtals kr. 15733.60. Báru kaupendurnir solidaríska ábyrgð á greiðslu kaupverðsins og skyldu inna það af hendi á þann hátt sem hér segir:

- a. Við undirskrift kaupsamningsins kr. 2000.00.
- b. 9. apríl f. á. kr. 2000.00.
- c. Við afhendingu varanna, sem fram átti að fara 15. maí f. á. kr. 2000.00.
- d. Eftirstöðvarnar með vixli að upphæð kr. 9733.60 útgefnum af Jóni Halldórssyni og samþykktum af Jóni Guðmundssyni og skyldi vixillinn afhendast seljanda við móttöku varanna og síðan greiðast smátt og smátt og skyldi greiðslunni vera að fullu lokið fyrir 1. nóv. 1937.

Við undirskrift samningsins greiddu kaupendurnir aðeins kr. 500.00 í peningum og þegar afborgunin 9. apríl átti að innast af hendi greiddu þeir seljanda ekkert. Hinsvegar afhentu þeir um þetta leyti seljanda tvo vixla til tryggingar hinum áföllnu greiðslum, annan að upphæð kr. 4000.00 útgefinn af Jóni Guðmundssyni, samþykktan af Jóni Halldórssyni og ábektan af Felix Guðmundssyni, hinn að upphæð kr. 1500.00, samþykktan af Jóni Guðmundssyni en útgefinn af Baldri Þorsteinssyni. Þá afhenti Jón Halldórsson seljanda og lífsábyrgðarskírteini, að upphæð 1500 dollara, en talið ca. kr. 1400.00 virði til tryggingar 4000 króna vixlinum. Eftir því sem fram hefir komið virðist hafa verið tilætlunin að umræddar tryggingar skyldu aðeins vera skamma stund í vörslum seljanda, en kaupendurnir hafi ætlað að útvega sér handbært fé til

Þess að greiða hinar föllnu afborganir. Þetta tókst þeim ekki og hætti þá seljandi að því er helzt verður séð, seint í apríl smíði húsgagnanna, en upplýst er í málinu að nokkuð af þeim hafði hann þá lokið við en byrjað á sumum. Höfðaði hann síðan eftir heimild í kaupsamningnum mál þetta fyrir gestaréttinum með stefnu útgefni 14. maí f. á. gegn kaupendum þeim Jóni Guðmundssyni og Jóni Halldórssyni, til greiðslu in solidum á skaðabótum vegna vanefnda þeirra á fyrrgreindum kaupsamningi að upphæð kr. 6734.57 með 5% ársvöxtum frá 8. marz f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að vanefndir stefndra hafi verið svo verulegar að honum hafi verið rétt að rifta samningnum og krefjast bóta af þeim fyrir allt það tjón, sem hann hafi beðið vegna sammingsrofanna af þeirra hálfu. Hefir stefnandi gert þá grein fyrir bótakröfum sínum að hann hafi misst af söluhagnaði á öllum þeim vörum, sem kaupsamningurinn tók til, við það að ekki varð af efndum hans. Reiknar hann sér 25% ágóða af söluverði húsgagnanna eða kr. 3076.80, en 75% ágóða af andvirði álnavörunnar eða kr. 2586.60 og telur hann að þessar hundraðstölur séu venjuleg ágóðaálagning í verzlun með vörur þessar. Þá hafi stefndum samkvæmt samningnum borið að greiða 7% ársvexti af eftirstöðvum kaupverðsins kr. 9733.60 frá 15. maí f. á. þar til því væri að fullu lokið. Nemi vaxtafúlga þessi kr. 1071.77 og telur stefnandi að stefndum beri að greiða hana þrátt fyrir það að ekki komi til þess að nokkur gjaldfrestur yrði veittur. Nema framangreindar þrjár upphæðir samanlagðar hinni umstefndu kröfu.

Stefndur Jón Halldórsson hefir hvorki mætt né látið mæta í málinu og er honum þó löglega stefnt. Hinsvegar hefir stefndur Jón Guðmundsson látið mæta og haldið uppi vörnum. Hefir hann mótmælt framangreindum kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Þá hefir hann með utanréttarstefnu dags. 29. maí f. á. gagnstefnt aðalstefnanda og gert þær réttarkröfur í gagnsökinni að gagnstefndur verði til þess dæmdur að viðlögðum dagsektum eftir mati réttarins að afhenda sér hina tvo fyrrgreindu tryggingarvixla svo og til að greiða málskostnað í gagnsök að skaðlausu. Kröfur sínar í gagnsök reisir gagnstefnandi

á því, að umræddir vixlar hafi aðeins verið settir sem trygging fyrir því, að hinar umsömdu afborganir yrðu greiddar ef kaupsamningunum yrði fullnægt af beggja hálfu, en hinsvegar ekki til tryggingar skaðabótum af sinni hálfu og meðstefnds Jóns Halldórssonar. Nú sé útséð um það að samningnum verði fullnægt eftir aðalefni sinu og eigi hann því heimtingu á að fá vixlana afhenta. Við þeirri kröfu hafi gagnstefndur ekki orðið og sé því gagnsóknin höfðuð. Gagnstefndur hefir mótmælt kröfu gagnstefnanda í gagnsökinni og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar í henni.

Aðalsök. Aðalstefndur hefir viðurkennt það að vanefndir þær, sem um getur hér að framan, hafi orðið með greiðslur samkvæmt umræddum kaupsamningi af hálfu hans og meðstefnds Jóns Halldórssonar, og réttinum þykir verða að fallast á það hjá aðalstefnanda að greiðslu- vanefndir þessar hafi verið svo verulegar að honum hafi verið rétt að rifta kaupsamningnum og krefjast skaðabóta. Hinsvegar byggir aðalstefndur sýknukröfuna á því að aðalstefnandi hafi ekkert tjón beðið þrátt fyrir greiðslu- vanefndir þeirra. Hann hafi ekki smíðað neitt af húsgögnun- um né heldur pantað neitt af þeim vörum (álnavöru), sem hann hafi þurft að fá frá útlöndum. Fyrir þeirri vöru hafi hann heldur ekki haft innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi og hafi hann því verið útilokaður frá að fullnægja þeim hluta samningsins. Þá sé vaxtakrafa aðalstefnanda á engum rök- um byggð.

Eins og áður er drepið á verður það að teljast upplýst, að aðalstefnandi hafi verið búinn að smíða nokkuð af húsgögnunum þegar hann hætti smíðinni vegna vanefnda aðalstefndra. Þá verður og að ganga út frá því, að hann muni ekki geta komið hinum tilbúnu húsgögnum út fyrir fullt verð, þar sem þau séu smíðuð í sérstöku augnamiði til veitinga- og gistihússreksturs og markaðurinn fyrir þau því takmarkaður. Hinsvegar þykir það auðsætt, að aðalstefnandi hafi við kaupin reiknað sér venjulegan verzl- unarhagnað af sölu húsgagnanna. Af þeim hagnaði hefir hann misst við það að ekki varð af efnun samningsins og ber aðalstefndum að bæta honum þetta tjón. Aðalstefndur hefir nú véfengt það, að venjulegur söluhagnaður á húsgögnum sé eins mikill og aðalstefndur heldur fram

og með tilliti til þess að um óvenju mikil viðskipti var að ræða þykir söluhagnaðurinn hæfilega ákveðinn áætlaður 20% og nemur þá tjon aðalstefnanda af því að ekki varð úr húsgagnakaupunum kr. 2458.96.

Að því er ánavöruna snertir eru báðir aðilarnir sam- mála um það, að aðalstefnandi hafi þurft innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess að geta fengið hana beint frá út- löndum, en aðalstefnandi miðar verzlunarhagnað þann, sem hann reiknar sér á þessari vöru, við það að geta keypt hana beint þaðan. Nú hefir hann ekki sannað, gegn mótmælum aðalstefnda, að hann hafi verið búinn að afla sér eða átt kost á umræddum leyfum og verða því aðal- stefndir sýknaðir af kröfum aðalstefnanda um bætur fyrir tapaðan verzlunargróða af þessum vörum.

Þá verður að fallast á það hjá aðalstefndum, að vaxta- krafa aðalstefnanda hafi ekki við rök að styðjast og verður hún því heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit aðalsakar þau, en úrslitin verða að sjálfsgöðu þau sömu fyrir báða að- alstefnda, þó að Jón Halldórsson hafi ekki mætt, að þeir verða dæmdir til þess in solidum að greiða aðalstefnanda kr. 2458.96 að frádregnum þeim kr. 500.00, sem aðalstefn- andi fékk greiddar við undirskrift oftnefnds kaupsam- nings eða kr. 1958.96 með vöxtum eins og krafizt er, þó að- cins frá stefnudegi til greiðsludags. Svo þykir eftir þessum úrslitum rétt að aðalstefndur greiði kr. 150.00 í málskostnað í aðalsök.

Gagnsök. Enda þótt fyrrgreindir víxlar hafi upphaflega verið afhentir gagnstefnanda til tryggingar því að bætt yrði úr ákveðnum vanefndum, sem orðið hefðu á oft- nefndum kaupsamningi, er afhending víxlanna fór fram, telur rétturinn að gagnstefndum sé eftir atvikum heimilt að halda sér að víxlinum svo og fyrrgreindu lífsábyrgð- arskirteini til tryggingar skaðabótakröfum þeim, sem hann hefir haft uppi og tekna hafa verið til greina á hendur aðalstefndum í máli þessu, og ber því að sýkna gagn- stefndan af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í henni falli niður.

Vegna anna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

